



Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
22.9.1	Ljó	25. JULI 2017
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
SPH	SPH	1703203

Akranes 20.júlí 2017

Mótmæli vegna byggingar fimleikahúss á Vesturgötu

Undirritaðir íbúar við Heiðarbraut á Akranesi mótmæla staðsetningu fyrirhugaðs fimleikahúss við Vesturgötu.

Þarna er um að ræða stórhýsi sem hljóðar uppá 1410 fermetra og 8 metra á hæð.

Við teljum að svona mikil breyting á bæði lóðanýtingu og útliti svæðisins sé veruleg breyting en ekki óveruleg breyting eins og haldið var fram á fundi með íbúum. Þann 9.2.2017.

Við vísum í fyrra bréf okkar, dagsett 23.3 2017.

Við erum ósátt við þessa miklu breytingu á fyrrum samþykktu deiliskipulagi.

Við teljum að svona meiriháttar breyting, ekki bara á stærð umrædds íþróttahúss heldur einng á skilgreindu leiksvæði við grunnskólann, kalli á að allt deiliskipulag stofnanareitsins sé endurskoðað og lagt til samþykktar að nýju.

Einnig var því haldið fram í kynningu, dags 9.2.2017, að vilji bæjarstjórnar og íþróttaráðs væri að ganga frá samning eða samkomulagi við eigendur hússins við Vesturgötu 119 um afnot að bílastæðum á lóð þeirra. Er það raunhæfur kostur þar sem nú þegar er að opna þar Crossfit íþróttastöð?

Er það yfirleitt raunhæft að byggja íþróttahús á stað þar sem bílastæði verða alltaf af skornum skammti, og alla tíð í til vandræða?

Við urðum greinilega vör við skort á bílastæðum núna um daginn þegar fjölmenni var í gamla íþróttahúsið við Vesturgötu, þá voru öll bílastæði full í kringum íþróttahúsið, í kringum grunnskólann, á lóð Vesturgötu 119 og öll bílastæði í nærliggjandi götum. Heiðarbrautin var full af bílum og þrengir það verulega að neyðarakstri sjúkrabílsins að Heilbrigðisstofnun Vesturlands.

Okkur undrar sú ákvörðun bæjarstjórnar að vilja ekki setja nýtt fimleikahús á framtíðaríþróttasvæði Akraness að Jaðarsbökkum, sem er miðsvæðis í bænum og er mun nær núverandi uppbyggingu bæjarins.

Virðingafyllst

Guðmundur B. Hannah
Svandís Rögnvaldsdóttir
Sigurður H. Bjarnason
Ágústa Árnadóttir

Svandís Rögnvalds.
Guðmundur B. Hannah.
Sigurður H. Bjarnason.
Ágústa Árnadóttir.